

---

## 72. Bryndís Haraldsdóttir (Spørsmål)

Mig langar að byrja á að þakka fyrir góða ræðu hér áðan. Eins og við höfum tekið eftir í spurningunum eru málefni Miðausturlanda okkur ofarlega í huga. Ég held að við getum öll í þessum sal tekið undir mikilvægi þess að þyrma mannlífum, að almennir borgarar njóti verndar. En þegar kom að því að álykta um þessi mál hjá Sameinuðu þjóðunum gerðist eitthvað sem ég er ekki vön að sjá, þ.e. að norræni NB8-hópurinn sundraðist.

Mig langar að spyrja forsætisráðherrann hvort hún telji almennt mikilvægt að Norðurlöndin og NB8-löndin standi saman og hafi svipaða afstöðu til stórra heimsmála.

### **Skandinavisk oversettelse**

Jeg vil gerne begynde med at takke for en god tale tidligere. Ligesom vi har lagt mærke til i spørgsmålene, så ligger Mellemøsten os meget på sinde. Jeg tror, at vi alle sammen i denne sal kan være enige i vigtigheden af at skåne menneskeliv, og at den civile befolkning er beskyttet. Men da man skulle enes om en resolution om disse sager hos De Forenede Nationer, så skete der noget, jeg ikke er vant til at se, nemlig at den nordiske NB8-gruppe blev splittet.

Jeg vil gerne spørge statsministeren, om hun generelt anser, at det er vigtigt, at Norden og NB8-landene står sammen og ligger på linje i store internationale anliggender.

## Upplýsingar

Ræðunúmer

72

Gerð

Spørsmål

Notandi

[Bryndís Haraldsdóttir](#)

Staða

Waiting for transcription

Dagsetning

31.10.23 16:34

